

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Álfsstaðir.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Álfsstaða. Breytingin tekur til lóðanna Álfröð, L222125 og Engjateigur, vegsvæði, L222124. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitir hliðrast og vegur, sem gert er ráð fyrir í núverandi deiliskipulagi, er felldur út. Byggingarheimildir fyrir hesthús og íbúðarhús eru óbreyttir úr gildandi deiliskipulagi en stærð gistihúss eykst úr 400 í 1.000 fm.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. nóvember 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. desember 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 22. desember 2023